

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 21. október sl. Nefndin fékk á sinn fund Einar Gunnarsson og Pétur Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti. Nefndinni barst einnig minnisblað frá utanríkisráðuneytinu um þróun útgjalda ráðuneytisins frá haustinu 2008 og enn fremur greinargerð frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Í minnisblaði utanríkisráðuneytisins kemur m.a. fram hvernig brugðist hefur verið við niðurskurði síðustu ára með fækkun útsendra starfsmanna og lokun sendiskrifstofa. Frá árinu 2008 hefur útsendum starfsmönnum fækkað úr 62 í 54 og þremur sendiskrifstofum hefur verið lokað. Meiri hluti nefndarinnar telur óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður að draga saman seglin í utanríkisþjónustunni en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess fyrir Ísland að halda góðum tengslum við samstarfsþjóðir á alþjóðavettvangi, ekki síst á erfiðleikatímum eins og þeim sem nú ganga yfir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjárveiting til utanríkisráðuneytis árið 2011 nemi um 10.933 m.kr. á rekstrargrunni sem samsvarar um 8% lækkun frá fjárlögum 2010. Í frumvarpinu segir að útgjaldabreytingum milli ára megi skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 800 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 656,7 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 144 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 512,7 m.kr. Loks bætast við verðlags- og gengisbreytingar ársins 2011, sem eru áætlaðar 665,3 m.kr. til lækkunar, þannig að heildargjöldin verða um 10.933 m.kr.

Gert er ráð fyrir að framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) nemi um 1.235 m.kr. á næsta ári og nemur lækkunin um 10,5% frá fjárlögum 2010 samkvæmt frumvarpinu. Að sama skapi er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi nemi um 1.269 m.kr. sem er um 18,5% lækkun frá fyrra ári. Frá árinu 2008-2011 mun lækkun fjárveitinga til ÞSSÍ nema um 34%. Hafa ber í huga að allar skuldbindingar stofnunarinnar eru í bandaríkjadöllum en ef litið er á þetta sama tímabil út frá gengi bandaríkjadals nemur lækkun fjárveitinga um 52%. Meiri hlutinn ítrekar það álit nefndarinnar sem fram hefur komið við vinnslu fjárlaga fyrir árin 2009 og 2010 að þrátt fyrir óhjákvæmilegan niðurskurð nú skuli leggja áherslu á að til frambúðar verði áfram unnið að því markmiði stjórnvalda að framlög til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér er gert ráð fyrir að framlag Íslands til þróunarmála lækki í um 0,2% af vergri landsframleiðslu á næsta ári. Meiri hlutinn telur að hér sé komið að sársaukamörkum og að ekki verði gengið lengra í niðurskurði til þróunarmála.

Allnokkur aukning er á framlögum til alþjóðastofnana, sem m.a. helgast af gengisþróun og aukningu aðildargjalda. Sérstaklega er vakin athygli á aukningu útgjalda vegna hlutdeildar Íslands í NATO, einkum vegna nýrra höfuðstöðva bandalagsins, og telur meiri hlutinn rétt að stjórnvöld leiti leiða til að minnka þann kostnað í ljósi efnahagsaðstæðna hér á landi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 889 m.kr. fjárveitingu til Varnarmálastofnunar og nemur það 8,2% lækkun frá fjárlögum ársins 2010. Meiri hluti nefndarinnar telur að í ljósi þess að stofnunin verður lögð niður um næstu áramót samkvæmt lögum nr. 98/2010 beri að auðkenna

þennan lið frumvarpsins varnarmálum en ekki Varnarmálastofnun. Meiri hlutinn telur að í ljósi fyrirheita um hagræðingu við niðurlagningu Varnarmálastofnunar séu það vonbrigði að ekki hafi náðst fram meiri sparnaður í málaflokknum og telur að ganga megi lengra í þeim efnum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn minnir á að við flutning þeirra verkefna Varnarmálastofnunar sem áfram verður sinnt, t.d. til Landhelgisgæslu Íslands, lögreglunnar og Flugstoða, beri einkum að hafa fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi. Því þarf að meta hvað einstakir valkostir í kjölfar niðurlagningar Varnarmálastofnunar skila mikilli hagræðingu áður en endanleg ákvörðun er tekin um framtíðarvistun verkefna. Meiri hlutinn leggur til að framlag til varnarmála í frumvarpinu verði lækkað um a.m.k. 65 m.kr. eða sem nemur upphæð viðbótarframlags vegna upplýsingamála í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu sem nefndin gerir tillögu um, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Það er lækkun um 100 m.kr. miðað við fjárlög yfirstandandi árs. Nefndinni hefur borist afrit af bréfi utanríkisráðuneytisins til fjárlaganefndar frá 13. október sl. þar sem fjallað er um fjárframlög til fjálsra félagasamtaka vegna upplýsingagjafar um Evrópusambandið. Áréttað skal að í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu var lögð sérstök áhersla á mikilvægi upplýsingamiðlunar í samningaferlinu og að séð yrði til þess að fjármunir verði til ráðstöfunar þannig að félagasamtök sem málið varðar geti með beinum hætti tekið þátt í opinberri umræðu og miðlað upplýsingum um málið. Sérstakur upplýsingahópur skipaður fjórum nefndarmönnum úr utanríkismálanefnd hefur um nokkurt skeið unnið að því að móta tillögu um útfærslu á styrkveitingum til slíkra aðila. Tillaga hópsins er til umfjöllunar í nefndinni og á grundvelli hennar leggur meiri hlutinn til að 65 m.kr. framlagi verði varið til upplýsingamála í fjárlögum 2011 og að framlög til varnarmála verði lækkuð að sama skapi. Þessi tillaga er þó gerð með fyrirvara um að endanleg ákvörðun nefndarinnar um fyrirkomulag upplýsingamála verði í þessa veru.

Alþingi, 17. nóv. 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form.,
Valgerður Bjarnadóttir, varaform,
Helgi Hjörvar,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Birgitta Jónsdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir